

Forréttindi ófatlaðra

- 1) Ég get auðveldlega keypt eða leigt hús með góðu aðgengi fyrir mig.
- 2) Ég get verið viss um að allt hverfið mitt, skóli barnanna minna, göngustígar, garðar, opinberar byggingar, verslanir og veitingarhús séu aðgengileg fyrir mig.
- 3) Ég get farið að versla ein/n og verið viss um að lenda ekki í veseni vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að fólk með mína líkamlegu færni versli eitt síns liðs.
- 4) Ég get kveikt á sjónvarpinu eða opnað dagblað og séð fólk sem hefur svipaða líkamlegu færni og ég.
- 5) Þegar ég lærði sögu í skóla var fólk með svipaða líkamlega færni og ég vel sýnilegt.
- 6) Skólakerfið kynnti fyrir mér fyrirmyndir sem voru með svipaða líkamlega færni og ég.
- 7) Ég get blótað, klætt mig í snjáð föt eða verið í vondu skapi án þess að fólk setji það í samhengi við líkamlega færni mína.
- 8) Mér getur gengið vel í erfiðum aðstæðum án þess að vera sagt að ég sé innblástur og hvatning fyrir annað ófatlað fólk.
- 9) Ég er aldrei beðin um að tala fyrir hönd allra ófatlaðra
- 10) Nær alltaf þegar ég bið um að fá að ræða við yfirmanninn, mun ég hitta manneskju sem er með svipaða líkamlega færi og ég.
- 11) Ég get auðveldlega orðið mér úti um félagsskap fólks sem hefur svipaða líkamlega færni og ég.
- 12) Ég get keypt póstkort, bækur, dúkkur og leikföng sem sýna fólk með svipaða líkamlega færni og ég.
- 13) Ef ég er rekin/n, fæ ekki kauphækkun eða er ekki ráðin til starfs þá þarf ég ekki að velta því fyrir mér hvort það sé vegna þess að fólki finnst ég líta út fyrir að vera ófær um að gegna starfinu.
- 14) Hugtök sem skapa stóran part sjálfsskilning míns eru ekki notuð sem skammaryrði í daglegu tali fólks (fötluð, spastísk, þroskaheftur)
- 15) Það eru miklu minni líkur á að ég verði fyrir ofbeldi heldur en fötluð manneskja, sérstaklega ef sú manneskja er kvenkyns en ég karlkyns.
- 16) Það þykir sjálfsagt að ég ákveði sjálf/ur hvenær ég fer í bað, hvenær ég fer á fætur, hvenær ég hátta mig, hvenær og hvað ég borða og með hverjum ég bý.
- 17) Ég get farið í leikhús, á tónleika eða í bíó án þess að hafa áhyggjur af því hvort ég komist inn í salinn
- 18) Ég get verið eins lengi úti á kvöldin og nóttunni og mig lystir án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því hvernig ég kemst heim.